Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 24.05. 2017. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir (fjarverandi), Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir, Hulda Björk Guðmundsdóttir, Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Björgvin Franz Gíslason, Unnur Jónsdóttir og María Mist

Dagskrá:

1. **Úttekt MMS – Ytra mat**
   Drög að umbótaáætlun fyrir MMS kynnt og yfirfarin. Skólastjóri sendir skjalið á stjórn foreldrafélagsins til umsagnar. Skil til MMS eru 31. maí næstkomandi. Umbótaáætlunin tengist annarri umbótavinnu sem vinna þarf fyrir næsta skólaár og birtist í starfsáætlun skólans.
   Í kjölfarið kom umræða um skólaráð og hvernig hægt sé að virkja það betur í þágu skólastarfsins. Áhugi var hjá fulltrúum skólaráðs að leggja meira af mörkum og vinna á milli funda.
   -
2. **Næsta skólaár**
   Skólastjóri fór yfir næsta skólaár, áherslur og skipulag. Fram kom að fækka mun í skólanum vegna þess að nemendur færast yfir í grunnskólann í Skarðshlíð og vegna þess að færri nemendur eru að koma inn í fyrsta bekk, 63 núna í stað 115 áður. Sagt var frá:
   - Að komið verður á fót hegðunarveri til að koma til móts við nemendur með hegðunarerfiðleika.
   - Að ráðinn verður inn félagsráðgjafi til að styðja við nemendur, starfsmenn og foreldra í erfiðum og viðkvæmum málum.
   - Breytingum á stjórnunarteymi skólans en búið er að ráða Lindu Hrönn Helgadóttur sem deildarstjóra á yngsta stigi og Hjördísi Báru Gestsdóttur sem deildarstjóra á unglingastigi.
   - Farið var yfir viðmiðunarstundaskrá skólans og breytingar á henni sem gilda frá hausti en búið er að bæta við dönskukennslu á miðstigi og auka val á unglingastigi.

3. **Skóladagatal**
   Fyrirspurn kom frá fulltrúa foreldra um skóladagatalið, þ.e. af hverju sé ekki hægt að þjappa frídögum og skipulagsdögum saman til að lengja frí nemenda. Skólastjóri útskýrði að þessi dagar væru sameiginlegir með leik og grunnskólum bæjarins og því gæti hver og einn skóli ekki fært þá til eins og honum hentar. Einnig kom ábending um hvort ekki mætti bæta inn á skóladagatalið námsmatsdögum og útskrift 10. bekkja.

4. **Frá aðalfundi foreldrafélags Hraunvallaskóla**
   Mæting var mjög dræm í þetta skiptið og mikið áhyggjuefni hversu fáir foreldrar vilja taka þátt í starfi á vegum félagsins. Sérstaklega í ljósi stærðar skólans. Stjórn félagsins er óbreytt og sömu fulltrúar verða í skólaráði næsta skólár**.**

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland